

REGLUGERÐ FYRIR ÍSLANDSMÓT Í PARATVÍMENNINGI 2014

1. Spilaður er Barómeter, 4 spil milli para. Gefnar eru 30 mínútur á umferð. Pör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektað, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.
2. Öll pör skulu framvísa kerfiskorti. Notkun PASS-KERFA er bönnuð.
3. Nota skal Alert og yfirlýsingar samkvæmt reglugerð BSÍ
4. Nota skal STOP viðvörunina þegar stokkið er yfir sagnstig.
5. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.
6. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 30. mínútna frá lokum hvernar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 8.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.
7. Það par, sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum, telst sigurvegari í mótinu og hlýtur titilinn **ÍSLANDSMEISTARAR Í PARATVÍMENNINGI 2014**. Verði pör jöfn að stigum, úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð BSÍ
8. Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.
9. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.
10. Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð
11. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

KEPPNISSTJÓRI Skipaður af BSÍ
DÓMNEFND: Skipuð af BSÍ